



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um mótun framtíðarsýnar um þróun Háaleitisbrautar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. október var lögð fram svohljóðandi tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis:

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis og skipulagsráðs að mótuð verði skýr framtíðarsýn um þróun Háaleitisbrautar, frá Bústaðavegi að Kringlumýrarbraut, sem lifandi götu- og borgarrými með aukinni áherslu á meiri gróður og góðar aðstæður fyrir fjölbreytta ferðamáta. Mótun framtíðarsýnarinnar þarf að vinna í góðu samráði og samtali við íbúa og hagaðila á svæðinu. Sérstaklega þarf að hafa til hliðsjónar flutning bráðaþjónustu og starfsemi Borgarspítalans niður að Hringbraut.

Var tillögunni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann sama dag.

Umsögn:

Samkvæmt vinnutillögum hverfisskipulags Háaleitis og Bústaða þá er stefnt að því að gera Háaleitisbraut að borgargötu með endurhönnun, þéttingu byggðar, fegrun og nýju hverfistorgi. Lögð er áhersla á að styrkja innviði fyrir virka ferðamáta.

Tekið er undir mikilvægi þess að eiga í virku samráði við íbúa og hagaðila á svæðinu og er slíkt samráð mikilvægur hluti af gerð hverfisskipulagsins.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri